

Umsögn um frumvarp til laga um menntun, hæfni og ráðningu kennara og skólastjórnenda til leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla

Frumvarpið felur í sér mörg spennandi tækifæri í skólaþróun. Miklu skiptir að lögfest verði bitastæð sérhæfing á því sviði sem kennaranemar velja sér. Jafnframt að háskólar fái umboð til að móta nýjar námsleiðir með sérhæfingu sem skóla- og samfélagsþróunin kallar á hverju sinni.

Hér á eftir fara ábendingar mínar um þrjú mikilvæg atriði í frumvarpinu; almenna hæfni kennara, sérhæfða hæfni til kennslu í grunnskóla og ráðningar í kennarastörf.

Almenn hæfni kennara

Kennsla er uppistaðan í starfi kennara þrátt fyrir fleiri veigamikla verkþætti. Ég legg til að bætt verði við almennu hæfniviðmiði á þessa leið:

Hæfni til að undirbúa kennslu, kenna og leggja mat á nám nemenda með hliðsjón af hæfniviðmiðum í námskrám.

Sérhæfð hæfni kennara í grunnskóla

Kennarar í grunnskólum kenna margir hverjir fleiri námsgreinar en þær sem þeir hafa sérhæft sig í. Viðbúið er að svo verði áfram meðal annars vegna fjölda lítilla grunnskóla í landinu. Í kennaranámi á Menntavísindasviði HÍ er sérhæfing grunnskólakennaranema tengd kennslu einstakra námsgreina/námssviða og sérhæfing til kennslu yngri barna í grunnskóla er líka í boði. Miðstigskenntla er hins vegar ekki til sem sérhæfing, né heldur grunnskólakennsla sem sérhæfing fyrir þá sem lokið hafa B.A. prófi í þroskaþjálfarafræði en góð dæmi eru til um að þroskaþjálfar starfi við hlið grunnskólakennara í teymiskennslu. Fleiri dæmi mætti tiltaka.

Mikilvægt er að í nýjum lögum verði svigrúm fyrir háskóla til að bjóða sérhæfingu fyrir grunnskólakennara af fjölbreyttara tagi en bundna námsgreinum/námssviðum.

Jafnframt er nauðsynlegt að sérhæfing grunnskólakennara (5. gr. 2.) verði bitastæð. Ég legg til að hún verði að lágmarki 90 námseiningar á stigi 1.1. samkvæmt viðmiðum um æðri menntun og prófgráður. Þá yrði hún sambærileg sérhæfingu framhaldsskólakennara sem kenna list- og bóknámsgreinar á 1. hæfniprepi (5. gr. 3.) enda er kennsla á 1. hæfniprepi líka í efstu bekkjum grunnskóla.

Bitastæð sérhæfing er forsenda þess að grunnskólakennarar hafi nægilega trausta þekkingu á tilteknum námsgreinum/námssviðum ásamt kennslufræði þeirra greina/sviða. Einnig er sérhæfingin jafnan ríkur þáttur í fagvitund kennara. Loks er tímabært að staðfesta í lögum að kennarar með sérhæfingu í list- og bóknámsgreinum geti jafnt kennt í elstu bekkjum grunnskóla sem fyrstu áföngum framhaldsskóla.

Um ráðningar í kennarastörf

Eitt leyfisbréf getur gert það auðveldara að ráða kennara til starfa á öðrum skólastigum en þeir hafa upphaflega sérhæft sig til. Líklegt er að kennurum muni gefast aukin tækifæri til að færa sig í milli skóla og skólastiga. Jafnframt munu væntanlega sumir skólastjórar fá fleiri umsóknir að móða úr þegar kennara vantar til starfa.

Áhyggjur mínar beinast að því þegar skólastjórar fá fáar umsóknir, jafnvel bara eina og hún fellur ekki að sérhæfingu kennarastarfsins sem auglýst var. Sú staða kemur oft upp, allavega í litlum skólum á landsbyggðinni. Þess vegna er mikilvægt að festa í lög að þá skuli umrædd kennarastaða auglýst aftur, til dæmis árlega, þangað til kennari með tilgreinda sérhæfingu fæst.

Mitt álit er að hagsmunir nemenda, barna og unglinga, eigi að veða þyngst í þessu efni. Þeir eigi að fá hæfustu og best menntuðu kennarana sem völ er á hverju sinni. Ef það vantar til dæmis stærðfræðikennara í grunnskóla þá vantar hann áfram þó kennari með sérhæfingu í annarri grein á öðru skólastigi fái í starfið tímabundið. Væntanlega þarf að breyta reglum um fastráðningar ef hagsmunir nemenda verða settir á oddinn með þessum hætti.

Með góðri kveðju,

Dr. Kristín Jónsdóttir, lektor í kennslufræði á Menntavísindasviði Háskóla Íslands